Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 2. nóvember 2026
MSS26090046

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Vinstrisins um niðurlagningu starfshópa um innleiðingu húsnæðissáttmála og um leigumarkað

Á fundi borgarráðs þann 10. september sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Vinstrisins:

> *Starfshópur um innleiðingu húsnæðissáttmála á að skila af sér árið 2032. Er hópurinn lagður niður þar sem verkefnum er lokið? Af hverju er hópurinn lagður niður svona snemma miðað við lokadagsetninguna 2032? Vegna starfshóps um leigumarkað, af hverju er hann lagður niður og hvar eru niðurstöður þess hóps? Þá er einnig spurt út í niðurstöður þeirra hópa sem hafa lokið störfum og skilað niðurstöðum. Óskað er eftir niðurstöðum hópanna og þeim gögnum sem liggja fyrir.*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 17. september sl.

Svar við fyrirspurn:

Starfshópur um innleiðingu húsnæðissáttmála vann einkum að því að undirbúa og leggja fram lögbundnar húsnæðisáætlanir borgarinnar. Innleiðing húsnæðissamkomulagsins felst í framlagningu húsnæðisáætlana sem horfa 10 ár fram í tímann. Því var fremur um vinnuteymi að ræða þar sem að komu fulltrúar frá skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, umhverfis- og skipulagssviði, velferðarsviði og eftir atvikum frá öðrum sviðum. Vegna stjórnkerfisbreytinga og mannabreytinga var enn fremur þörf á að leggja niður eða endurskilgreina hóp. Með þessu breytingum er ekki verið leggja niður umrædda vinnu heldur að breyta umgjörð hennar og ekki þörf á starfshópi sem slíkum, heldur að það séu til staðar starfsmenn á vegum borgarinnar sem tryggi framfylgd viðkomandi stefnumörkunar.

Starfshópur um leigumarkað hefur nýlega lokið störfum. Lokaskýrsla er tilbúin en hefur ekki verið lögð fyrir fagráðið.

Þeir hópar sem skráð er að hafi lokið störfum í yfirliti um starfs- og stýrihópa sem lagt var fram í borgarráði 10. september sl. eru eftirtaldir:

Starfshópur um innleiðingu húsnæðissáttmála.
Starfshópurinn var skipaður með erindisbréfi þann 12. janúar 2023 af borgarstjóra. Starfshópurinn hefur skilað húsnæðisáætlunum sem lagðar hafa verið fram 2023, 2024, 2025 og 2026 og samþykktar í borgarráði/borgarstjórn ásamt skilum á stafrænni áætlun til HMS (tenglar á skýrslur fylgja):

- Húsnæðisáætlun Reykjavíkur 2024-2033 hjá HMS – samþykkt í borgarráði 21. mars 2024
- Jafnréttisskimun Húsnæðisáætlunar Reykjavíkur 2024-2033 – dagsett 15. desember 2024 og lögð fyrir borgarráð ásamt húsnæðisáætlun 21. desember 2023
- Húsnæðisáætlun Reykjavíkur 2024-2033 – fyrst samþykkt í borgarráði 21. desember 2023 og að nýju í endurbættri útgáfu 21. mars 2024
- Húsnæðisáætlun Reykjavíkur 2025-2034 – samþykkt í borgarráði 15. maí 2025
- Húsnæðisáætlun Reykjavíkur 2026-2035 – samþykkt í borgarráði 16. apríl 2026

Starfshópur um hröð orkuskipti.
Starfshópurinn var skipaður með erindisbréfi þann 25. maí 2023 af borgarstjóra.
Starfshópurinn hafði lokið efnislegri vinnu sinni og stóð vinna við lokaskýrslu hópsins yfir á árinu. Formlegri lokaskýrslu hefur ekki verið skilað en niðurstöður hópsins verða gerðar aðgengilegar borgarráði þegar hún liggur fyrir.

Starfshópur um hringrásargarð í Álfsnesi.
Starfshópurinn var skipaður með erindisbréfi þann 7. mars 2024 af borgarstjóra.
Starfshópnum var ekki ætlað að skila sérstakri lokaafurð heldur hélt hann utan um vinnu ráðgjafa við gerð rammaskipulags og þróunaráætlunar fyrir hringrásargarð í Álfsnesi. Drög að þróunaráætlun hringrásargarðs voru kynnt bæði í umhverfis- og skipulagsráði og borgarráði snemma sumars 2026. Vinnan heldur áfram samkvæmt fyrirliggjandi samningi um mótun rammaskipulags sem nýtist við gerð aðalskipulagsbreytingar fyrir atvinnusvæðin á Álfsnesi. Vinnuteymi á vegum umhverfis- og skipulagssviðs hefur hafið störf vegna aðalskipulagsbreytingarinnar og á þar einnig sæti fulltrúi Faxaflóahafna. Drög að þróunaráætlun hringrásargarðs eru forsenda þeirrar vinnu. Frekari ákvarðanir um uppbyggingu hringrásargarðsins og rekstrarform hans eru ekki viðfangsefni vinnuteymisins heldur verða þær teknar á vettvangi starfshópsins og borgarráðs.

Starfshópur um breytingar á húsnæðisúrræðum fyrir heimilislausar konur að Hringbraut 121.
Starfshópurinn var skipaður með erindisbréfi 18. maí 2026.[1] Vinnan var sett á bið þar sem margt var óljóst á þessum tíma, nýr meirihluti að taka við og fyrirséð að kostnaður vegna breytinga væri langt umfram samþykktrar fjárhagsáætlunar þessa árs. Þar af leiðandi var engin skýrsla gerð.

[1] Hjálagt fylgir erindisbréf.

Starfshópur um nýtingu neyðarskýla fyrir karlmenn.
Starfshópurinn var skipaður af sviðsstjóra velferðarsviðs 14. apríl 2026 með erindisbréfi dags. 29. apríl 2026. Niðurstöður starfshóps um nýtingu neyðarskýla fyrir karlmenn voru kynntar í framkvæmdastjórn velferðarsviðs þann 30. júní 2026[2].

Starfshópur um innra eftirlit á velferðarsviði.
Starfshópurinn var skipaður með erindisbréfi 29. apríl 2026. Niðurstöður starfshópsins voru kynntar á fundi framkvæmdastjórnar velferðarsviðs þann 18. ágúst 2026. Starfshópurinn fundaði alls sjö sinnum og lauk störfum þann 21. ágúst 2026. Formaður og verkefnastjóri starfshópsins vinna nú að lokafrágangi skýrslu um starf hópsins. Samkvæmt erindisbréfi stendur eftir að móta eftirlitsáætlanir fyrir hvern málaflokk og leggja mat á hversu mörgum stöðugildum þurfi að bæta við starfsemi velferðarsviðs vegna innra eftirlits. Í samræmi við tillögur starfshópsins mun skrifstofa stjórnsýslu á velferðarsviði leiða vinnu við gerð eftirlitsáætlana fyrir hvern málaflokki. Áætlun fyrir næsta ár ber að skila til Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála eigi síðar en 1. janúar 2027, í samræmi við reglugerð nr. 818/2026. Þegar eftirlitsáætlanir liggja fyrir verður umfang innra eftirlits skýrara.[3]

Starfshópur vegna Austurbrúnar 6.
Starfshópurinn var skipaður með erindisbréfi 29. apríl 2026. Starfshópurinn hefur lokið störfum sbr. hjálagða trúnaðarmerkta skýrslu og erindisbréf um starf hópsins[4]. Skýrslan var kynnt í framkvæmdastjórn velferðarsviðs þann 30. júní 2026.

Starfshópur um sóknaráætlun og endurbætur í sundlaugum borgarinnar.
Starfshópurinn var skipaður með erindisbréfi sbr. 2. lið fundargerðar menningar- og íþróttaráðs frá 9. janúar 2026. Áfangaskýrsla starfshóps var lögð fram á fundi menningar- og íþróttaráðs þann 21. apríl sl. sbr. 7. lið fundargerðar.

Starfshópur um þátttöku fatlaðra barna og ungmenna í skipulögðu íþróttastarfi.
Starfshópurinn var skipaður með erindisbréfi 28. mars 2025.
Lokaskýrsla starfshóps var lögð fram á fundi menningar- og íþróttaráðs þann 8. maí sl. sbr. 1. lið fundargerðar.

Starfshópur um skipulagsbreytingar Vinnuskóla Íslands.
Starfshópurinn var skipaður með erindisbréfi 27. nóvember 2023. Starfshópurinn hefur lokið störfum og kynnti starfsáætlun Vinnuskóla Reykjavíkur fyrir umhverfis- og skipulagsráði sbr. meðfylgjandi starfsáætlun og minnisblað starfshóps til sviðstjóra.[5]

---

[2] Hjálagt fylgir skýrsla starfshóps ásamt erindisbréfi.
[3] Hjálagt fylgir kynning fyrir framkvæmdastjórn.
[4] Hjálagt fylgir TRÚNAÐARMERKT skýrsla starfshóps ásamt erindisbréfi.
[5] Hjálagt fylgir starfsáætlun Vinnuskóla Reykjavíkur ásamt minnisblaði skólastjóra Vinnuskóla Reykjavíkur til sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs vegna starfshóps.

Starfshópur um opin og græn svæði.
Starfshópurinn var skipaður með erindisbréfi 20. október 2025. Starfshópurinn var innanhúshópur sem ætlað var að skerpa á vinnu varðandi opin græn svæði. Skilin voru ekki formleg hjá þeim hópi en starfshópurinn lauk störfum um miðjan desember 2025.

Starfshópur um skilgreiningu opinna grænna svæða.
Starfshópurinn var skipaður með erindisbréfi 9. janúar 2026. Starfshópurinn hefur lokið störfum sbr. hjálagða skýrslu hópsins sem skilað var til sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs[6]. Skýrslan hefur ekki verið kynnt í umhverfis- og skipulagsráði.

Niðurstöður ofangreindra hópa eru hjálagt nema annað hafi verið tekið sérstaklega fram í texta við heiti viðeigandi starfshóps.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari

[6] Hjálagt fylgir skýrsla starfshóps ásamt erindisbréfi sem fylgir í skýrslunni.

VEL26050082

E R I N D I S B R É F

Starfshópur um breytingar á búsetuúrræði fyrir heimilislausar konur við H121

Ábyrgðarmaður: Rannveig Einarsdóttir, sviðstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

Inngangur:
Á 531. fundi velferðarráðs 15. apríl 2026 var lögð fram tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins um breytingar á fyrirkomulagi íbúðakjarnans við Hringbraut fyrir heimilislausar konur. Lagt var til að velferðarsviði væri falið að ráðast í breytingar á fyrirkomulagi búsetuúrræðis fyrir heimilislausar konur við H121. Íbúðakjarninn að Hringbraut 121 (H121) hefur íbúðir fyrir allt að 11 konur með miklar og flóknar þjónustuþarfir. Í dag búa þar 9 konur þar sem ákveðið var að úthluta ekki í úrræðið fyrr en lausn væri fundinn fyrir hópinn í nýju húsnæði og jafnframt ráðast í breytingar sem styðja betur við velferð kvennanna. Velferðarsviði var falið að koma með tillögur til velferðarráðs þess efnis í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar í málaflokknum við útfærslu þeirra breytinga.

Hlutverk:
Hlutverk starfshópsins er koma með tillögur að útfærslu breytinga á húsnæði fyrir konurnar sem búsettar eru á Hringbraut 121.

1. Að vinna að flutningi úrræðisins frá H121 yfir í nýtt húsnæði að Höfðabakka 2.
2. Fara yfir stöðu allra íbúa á H121, meta stuðningsþarfir og fl.
3. Fara yfir stöðu íbúa á Höfðabakka 2 og vinna að milliflutningi þaðan.
4. Að undirbúa nýtt húsnæði fyrir flutning. Setja fram þarfagreiningu fyrir úrræðið.
5. Kostnaðarmeta flutninginn.

Helstu verkefni:

- Greina núverandi stöðu íbúa á H121.
- Setja fram þarfagreiningu á nýju húsnæði.
- Kostnaðarmeta breytingar á nýju húsnæði og flutning.
- Skila reglulega upplýsingum og tillögum til sviðsstjóra til yfirferðar eða samþykktar.

Starfshópinn/stýrihópinn skipa:

- Soffía Hjördís Ólafsdóttir, formaður hópsins og deildarstjóri HMFÞ
- Brynhildur Jensdóttir, forstöðumaður íbúðakjarna H121
- Helga Sigurjónsdóttir, deildarstjóri húsnæði og búsetuþjónustu
- Ricardo Mario Villalobos, deildarstjóri húsnæði og búsetuþjónustu
- Falasteen Abu Libdeh, Félagsbústaðir

Til ráðgjafar og samstarfs:

- Halla Hallgrímsdóttir, skrifstofustjóri fjármála og reksturs
- Helgi Þór Gunnarsson, framkvæmdastjóri Vesturmiðstöðvar
- Daniela Katarzyna Zbikowska, Félagsbústaðir
- Sigþrúður Erla Arnardóttir, skrifstofustjóri ráðgjafar

Starfstími:
Starfshópurinn starfar út júní 2026.

Reykjavík, 18. maí 2026

Rannveig Einarsdóttir, sviðstjóri
velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

Reykjavík, 29. apríl 2026
VEL26040214

E R I N D I S B R É F
Starfshópur vegna stöðunnar í Austurbrún 6

Ábyrgðarmaður:
Rannveig Einarsdóttir, sviðstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

Inngangur:
Austurbrún 6 er 12 hæða fjölbýlishús og þar eru samtals 71 íbúð. Húsið er alfarið í eigu Félagsbústaða. Um allnokkurn tíma hafa verið unnin mikil skemmdarverk í sameign og á íbúðum og íbúar hafa kvartað yfir ónæði, hávaða og óöryggi.

Hluti vandans sem er til staðar í húsnæðinu er samsetning íbúa, fjöldi íbúða í húsinu er mikill, hlutfall einstaklinga með miklar stuðningsþarfir er hátt, skipulag hússins (sameignin) eykur áhrif einstakra tilvika á allt húsið/íbúa og skapar óöryggi og röskun í lífi fólks, en húsið er með sameiginlegan inngang (hótelgang), sem eykur álag á sameign og gerir samsetningu íbúa sérstaklega viðkvæma.

Hlutverk:
Starfhópnum er ætlað að kortleggja stöðu leigjenda í Austurbrún 6 og meta þörf á milliflutningi, innan húss eða í annað húsnæði Félagsbústaða, með það að markmiði að bæta búsetuskilyrði íbúa og auka öryggi þeirra og velferð sem leiðir til farsælli búsetu í Austurbrún 6.

Helstu verkefni:
- Kortleggja stöðu leigjenda í fjölbýlishúsinu að Austurbrún 6
- Greina bæði rekstrar- og samfélagslegar áskoranir
- Skýra ábyrgðarskiptingu á milli Félagsbústaða og velferðarsviðs
- Leggja fram tillögur að úrbótum
- Skila reglulega upplýsingum og tillögum til sviðsstjóra til yfirferðar eða samþykktar.

Starfshópinn/stýrihópinn skipa:
- Helga Sigurjónsdóttir, formaður hópsins, deildarstjóri húsnæðismála
- Soffía Hjördís Ólafsdóttir, deildarstjóri málaflokks heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuþarfir (HMFÞ)
- Arne Friðrik Karlsson, verkefnastjóri á skrifstofu málefna fatlaðs fólks og oddamaður úthlutunarteymis.
- Guðmundur Friðriksson, húsnæðisfulltrúi Norðurmiðstöð
- Falasteen Abu Libdeh, frá Félagsbústöðum

Verkefnisstjóri starfshópsins:
- Linda Dögg Hólm, verkefnastjóri á skrifstofu málefna fatlaðs fólks.

Reykjavík

Til ráðgjafar og samstarfs:

- Katrín Harpa Ásgeirsdóttir, skrifstofustjóri málefna fatlað fólks
- Sigþrúður Erla Arnardóttir, skrifstofustjóri ráðgjafar
- Berglind Magnúsdóttir, skrifstofustjóri aldraðra
- Ricardo Mario Villalobus, deildarstjóri húsnæðis og búsetu
- Daniela Katarzyna Zbikowska, frá Félagsbústöðum

Starfstími:

Formaður hópsins heldur utan um fundina og tryggir að unnið sé markvisst að verkefnum hópsins. Hópurinn starfar frá 4. maí – 4. júní 2026.

Reykjavík, 29. apríl 2026

Rannveig Einarsdóttir, sviðstjóri
velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

Reykjavík

Viðtakandi:
Ólöf Örvarsdóttir, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs
Sendandi:
Þorvaldur Guðjónsson, skólastjóri Vinnuskóla Reykjavíkur

Reykjavík, 24. september 2026
Málsnúmer: USK23110272

MINNISBLAÐ

Minnisblað vegna starfshóps um skipulagsbreytingar á Vinnuskóla Reykjavíkur

Niðurstaða starfshóps um skipulagsbreytingar í Vinnuskóla Reykjavíkur var að breyta nokkrum þáttum í verklagi skólans ásamt því að leggja fram nýja starfsáætlun.

- Áhersla var lögð á að festa laun vinnuskólanemenda við grunnlaunaflokk í kjarasamningum Reykjavíkurborgar og Sameykis til þess að tryggja að laun nemenda fylgi launaþróun borgarinnar.
- Fræðslu til nemenda var breytt á þann veg að veita aukna hagnýta atvinnutengda fræðslu og draga úr aðkeyptri fræðslu.
- Samstarfssamningar við aðila innan og utan borgarkerfis voru endurskoðaðir.
- Störf nemenda vinnuskólans voru sett í áhættumat og ákveðin verkefni færð frá Vinnuskólanum.
- Hverfaskipulagi vinnuskólans var breytt úr 6 hverfum í 4.
    - Yfirleiðbeinendum fækkaði jafnhliða þeirri breytingu.
- Aukin áhersla var lögð á nýtingu húsnæðis í eigu borgarinnar fyrir vinnuskólahópa, einkum grunnskólahúsnæði, í stað vinnuskúra með tilheyrandi kostnaði.

Starfshópurinn hefur lokið störfum og var meðfylgjandi starfsáætlun Vinnuskóla Reykjavíkur kynnt fyrir umhverfis- og skipulagsráði.

Virðingarfyllst,

Þorvaldur Guðjónsson
Skólastjóri Vinnuskóla Reykjavíkur
Umhverfis og skipulagssvið

Reykjavík

Starfsáætlun Vinnuskólans



Gildi

- Virðing fyrir umhverfinu
- Fagmennska í hverju verki
- Þjónusta við samfélagið

Vinnuskólinn vinnur í samræmi við gildi umhverfis- og skipulagssviðs, sem eru *virðing fyrir umhverfinu, fagmennska í hverju verki* og *þjónusta við samfélagið.* Starfsemi Vinnuskólans tekur mið af þessum gildum, hvort sem það er í störfum unglinga í garðvinnu, leiðbeinenda eða starfsfólks skrifstofu. Fræðsla og þjálfun starfsmanna tekur mið af þessum gildum og eru höfð í hávegum.



Áherslur

- Samskipti.
- Viðhorf til vinnu.
- Markmiðasetning.

Áherslur í starfsemi vinnuskólans miða að því að kenna ungu fólki heilbrigð samskipti á vinnustað, jákvætt viðhorf til vinnu og mikilvægi markmiðasetninga og ígrundunar á unnum verkum.

Jákvæð samskipti einkenna fagmennsku og góða þjónustu. Þá er mikilvægt að leiðbeinendur, yfirleiðbeinendur og aðrir starfsmenn sýni fordæmi í slíkum samskiptum, hvort sem þau er yrt eða óyrt. Hafa þarf í huga skilaboð sem send eru án orða, s.s. með því að taka upp síma eða snjalltæki þegar verið er að ræða við mann og þau skilaboð sem maður sendir með líkamstjáningu og látbragði.

Jákvætt viðhorf til vinnu er eiginleiki sem gott er að byggja upp snemma í starfsferli fólks. Vinnusiðferði, skilningur á réttindum og skyldum ásamt virðingu fyrir vinnu og samstarfsfólki eru hornsteinar jákvæðs viðhorfs til vinnu

Markmiðasetning í vinnu er mikilvæg til þess að kenna nemendum að forgangsraða verkefnum, skilja umfang þeirra og hámarka árangur. Með setningu skammtíma- og langtíma markmiða viljum við byggja upp verklag sem kennir starfsfólki að gera væntingar til árangurs, meta árangur og sjá framvindu verkefna.




Verkefni

- Skilgreind eftir þörfum hverfa.
- Raðað upp eftir starfseiningum vinnuskólans.
- Forgangsraðað af leiðbeinendum og nemendum á reglulegum fundum.

Verkefni Vinnuskólans eru mörg og fjölbreytt. Að undanskildum sérverkefnum, s.s. störfum hjá samstarfsaðilum á borð við íþróttafélög, skátana, leikskóla o.s.frv. hafa verkefni verið skilgreind á borgarvísu út frá starfsstöðvum vinnuskólans. Þeim fylgja kort með yfirlitsmyndum af staðsetningum verkefna sem þarf að vinna og sundurliðun verkefnanna.

Leiðbeinendur og vinnuhópar skulu byrja vikuna á verkefnafundi þar sem farið er yfir þau verkefni sem liggja fyrir á tímabilinu, hópurinn ræðir mikilvægi þeirra og forgangsröð og hefst svo handa við vinnu verkefnanna. Með þessum fundum fá leiðbeinendur og vinnuhópar betri yfirsýn yfir verkefnin sem eru framundan og tilfinningu fyrir framvindu þeirra.

Í lok viku verður svo farið yfir verkefnin sem lágu fyrir í vikunni, ræða hvernig gekk og gefa stutta skýrslu (t.d. í formi myndbands, mynda, texta eða á öðru formi) sem má miðla á samfélagsmiðlum borgarinnar.



Starfsþróun

- Nemendur vinnuskólans finni fyrir þróun í starfi frá 8.-10. bekkjar.
- Breytileg verkefni.
- Fræðsla taki mið af aldri.

Framvinda í starfi og starfsþróun er öllum mikilvæg – ekki síður ungu fólki. Ungt fólk þroskast hratt á unglingsárunum og tekur líf þeirra örum breytingum. Það er því mikilvægt að verkefni og fræðsla þeirra í Vinnuskólanum sé við hæfi hverju sinni og þau upplifi ekki að þau séu í sömu verkefnum og fræðslu ár eftir ár.

Nemendur sem hafa lokið 9. bekk fá lengra vinnutímabil en nemendur sem hafa lokið 8. bekk og takast því á við fleiri og fjölbreyttari verkefni. Nemendum sem hafa lokið við 10. bekk stendur til boða störf sem vinnuskólaliðar, t.d. við leikskóla, frístundaheimili, skáta og íþróttafélög. Fræðsla þarf að taka mið af þessari þróun og er mikilvægt að í fræðslu til þeirra sem hafa lokið 10. bekk sé aukin áhersla lögð á að undirbúa þau fyrir almennan vinnumarkað.

Fræðsla



- Vinnumiðuð.
- Hagnýt.
- Undirbúningur fyrir atvinnulífið.

Fræðsla til nemenda Vinnuskólans skal miðast að því að þjálfa upp starfsfólk og kenna þeim hvað felst í því að vera í vinnu. Hér að neðan má sjá dæmi um fræðslu sem mikilvægt er að nemendur vinnuskólans fái og skuli allir nemendur vinnuskólans fá slíka fræðslu, hvort sem unnið er í almennum störfum vinnuskólans eða í sérverkefnum.

8. bekkur

- Hvernig skal lesa launaseðil?
- Hvað þýðir það að vera góður starfsmaður?
- Hvernig verður maður góður vinnufélagi?

9. bekkur

- Réttindi og skyldur á vinnumarkaði
- Hvað er vinnustaðarmenning og hvernig höfum við áhrif á hana?

10. bekkur

- Hvernig skal útbúa ferilskrá og kynningabréf
- Hvað eru lífeyrissjóðir og af hverju þarf ég að greiða í þá?
- Séreignasparnaður
- Hvað er persónuafsláttur og hvernig nýti ég hann?

Allir nemendur Vinnuskólans taka síðan þátt í bæði öryggisfræðslu um vinnuvernd og verkefnum um neysluhyggju.

Fræðslan sem nemendur fá tekur mið af aldri þeirra og byggir fræðsla fyrir nemendur sem eru á sínu síðasta ári vinnuskólans, s.s. gerð ferilskrár og fræðsla um stéttarfélög á þeim grunni sem lagður er árin á undan.

Viðauki 1. Erindisbréf starfshóps

USK26010154

ERINDISBRÉF[1]

Starfshópur um skilgreiningu opinna grænna svæða

Ábyrgðarmaður: Ólöf Örvarsdóttir, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs

Inngangur:
Þörf er á að endurskoða og bæta flokkun og skilgreiningu opinna svæða. Opin græn svæði eru almennt skilgreind samkvæmt skipulagsreglugerð í aðalskipulagi en núverandi skilgreiningar gefa ekki fullnægjandi sýn á umfang, þjónustu og eðli grænna svæða og hefur m.a. valdið misskilningi í íbúasamráði vegna þéttingu byggðar. Það á þó einkum við um svæði sem ekki hafa verið deiliskipulögð. Hlutlæg og fagleg greining á stöðu grænna svæða er einnig mikilvæg til að auðvelda alþjóðlegan samanburð á umfangi opinna svæða innan borga. Opin svæði og græn eru mikilvæg í að efla og bæta lýðheilsu íbúa í Reykjavík. Skilgreina þarf betur þjónustu sem opin svæði og græn svæði eiga að veita og markmið um m.a. aðgengi og umfang grænna svæða. Hér er t.d. átt við áningastaði, stíga, gróður, loftgæði, hljóðvist og umferð, leiktæki, fræðslu og blágrænar ofanvatnslausnir. Hversu langt má vera að skilgreindu grænu svæði með tilgreinda þjónustu, hvaða svæðum má raska og þarf mótvægisaðgerðir sé svæðum raskað eða þau fjarlægð?

Hlutverk:
Hlutverk hópsins er að endurskoða flokkun og skilgreiningu opinna svæða, m.a. í ljósi reynslu af núverandi flokkun. Þá er hópnum ætlað að setja fram lýsingu á þjónustu sem svæði í hverjum flokki eigi að veita og þá nauðsynlegum innviðum. Hópurinn setji fram tillögu að markmiðum um þéttleika, aðgengi að grænum svæðum og tengingu þeirra.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Endurskoða skilgreiningu opinna og grænna svæða. Hafa til hliðsjónar við það reynslu af núverandi skilgreiningu í aðalskipulagi.
- Skilgreina þjónustu sem græn svæði eiga að veita m.a.:
  - Útivistar- og afþreyingargildi
  - Líffræðilegan fjölbreytileika
  - Innviði – áningastaði, stíga, leiktæki o.þ.h.
  - Græn svæði sem hluti af ofanvatnsáætlun
  - Hljóðvist og loftgæði
- Yfirfara skráningu opinna svæða í landupplýsingarkerfi Reykjavíkurborgar
- Vinna tillögu að markmiðum um þéttleika og aðgengi að grænum svæðum

Starfshópinn/stýrihópinn skipa:
Margrét Lára Baldursdóttir (formaður), deild aðalskipulags USK.

---

[1] Erindisbréf skulu gerð í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa: http://reykjavik.is/sites/default/files/reglur_reykjavikurborgar_um_starfs-_og_styrihopa.pdf. Einnig er ráðlegt að fylla út eyðublaðið Skilgreining verkefnis áður en erindisbréf er gefið út í því skyni að skilgreina og afmarka verkefnið með fullnægjandi hætti.

Þórólfur Jónsson, deild náttúru og garða USK.
Íris Reynisdóttir, deild skipulagsmála USK
Bragi Bergsson, skrifstofu framkvæmda og fasteignaþjónustu USK
Þórarinn Jón Jóhannsson, deild umbóta og upplýsingamála USK.
Rebekka Guðmundsdóttir, deild borgarhönnunar USK
Marta Guðrún Daníelsdóttir, garðyrkjudeild USK

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:
Benedikt Traustason, skrifstofu umhverfisgæða USK.

Til ráðgjafar og samstarfs:
Starfshópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstími:
Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni tillögum fyrir 15. mars 2026.

Reykjavík, 9. janúar 2026

Ólöf Örvarsdóttir

Reykjavík, 14.apríl 2026
VEL26040055

ERINDISBRÉF
starfshóps um nýtingu neyðarskýla fyrir karlmenn

Ábyrgðarmaður: Rannveig Einarsdóttir, sviðstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

Inngangur: Undanfarna mánuði hefur borið á fækkun í neyðarskýlum Reykjavíkurborgar. Markmið málaflokksins skv. aðgerðaáætlun 2025 - 2027 er að draga úr þörf fyrir neyðarrými samhliða húsnæðisuppbyggingu. Tímabært er því að hefja vinnu að aðgerð 4 – þarfagreiningu á neyðarskýli fyrir karla ásamt tillögu að rekstrarfyrirkomulagi.

Hlutverk: Hlutverk hópsins er að greina þarfir á neyðarskýli fyrir karla ásamt tillögu að rekstrarfyrirkomulagi.

Helstu verkefni/viðfangsefni:
- Greina núverandi stöðu og nýtingu neyðarskýla fyrir karlmenn.
- Meta þörf á tveimur neyðarskýlum fyrir karlmenn.
- Samræma þjónustu milli neyðarskýla.
- Meta nýtingu húsnæðisins og hvort nýta megi neyðarskýlin á annan hátt til að fjölga húsnæðiseiningum innan málaflokks heimilislausra með mikla og fjölþætta þjónustu (HMFÞ).
- Leggja fram tillögu að rekstrarfyrirkomulagi (m.t.t til mönnunar starfsmanna og stjórnunar).
- Kostnaðargreina tillögu hópsins.

Starfshópinn skipa:
Soffía Hjördís Ólafsdóttir, formaður hópsins og deildarstjóri málaflokks HMFÞ
Alexandra Ólöf Gunnarsdóttir, félagsráðgjafi og tengiliður við HMFÞ, Austurmiðstöð
Hannes Steinar Guðmundsson, deildarstjóri fjármála og rekstrar í Vesturmiðstöð
Helga Sigurjónsdóttir, deildarstjóri á skrifstofu velferðarsviðs

Til ráðgjafar og samstarfs:
Heiður Ýr Guðjónsdóttir, verkefnastjóri umbótateymis
Emil Örvar Jónsson, forstöðumaður neyðarskýlisins Granda
Ingi Þór Eyjólfsson, forstöðumaður neyðarskýlisins Lindargötu
Sigþrúður Erla Arnardóttir, skrifstofustjóri ráðgjafaþjónustu velferðarsviðs
Þorbjörg Valgeirsdóttir, forstöðumaður VoR teymis
Ricardo Mario Villalobos, deildarstjóri húsnæðis- og búsetuþjónustu

Starfstímabil og skil:
23. apríl 2026 – 12. júní 2026
Skil á skýrsluformi og í formi kynningar.


Rannveig Einarsdóttir
sviðsstjóri velferðarsviðs

Reykjavík

Skýrsla: Niðurstöður starfshóps um nýtingu neyðarskýla fyrir karlmenn

Unnið af:

Alexandra Ólöf Gunnarsdóttir, félagsráðgjafi Austurmiðstöðvar
Hannes Steinar Guðmundsson, deildarstjóri fjármála og rekstrar í Vesturmiðstöð
Helga Sigurjónsdóttir, deildarstjóri á skrifstofu vellferðarsviðs
Soffía Hjördís Ólafsdóttir, deildarstjóri málaflokks heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuþarfir



Um starfshópinn

starfshópurinn, vinnufyrirkomulag og verkefni starfshóps

Starfshópur

Starfshópurinn var skipaður af sviðsstjóra velferðarsviðs þann 14. apríl 2026. Hópinn skipuðu:

- **Alexandra Ólöf Gunnarsdóttir,** félagsráðgjafi Austumiðstöðvar
- **Hannes Steinar Guðmundsson,** deildarstjóri fjármála og rekstrar í Vesturmiðstöð
- **Helga Sigurjónsdóttir**, deildarstjóri á skrifstofu velferðarsviðs
- **Soffía Hjördís Ólafsdóttir**, deildarstjóri HMFÞ

Vinnufyrirkomulag

Á tímabilinu 21. apríl 2026 til 10. júní 2026 voru haldnir 6 vinnufundir ásamt heimsóknum á vettvang samtals 9 klukkustundir. Milli funda fór vinna fram í gegnum Teams og samvinnu í vinnuskjölum hópsins.

Verkefni starfshóps

- **Greina núverandi stöðu og nýtingu neyðarskýla fyrir karlmenn**
- **Meta þörf á tveimur neyðarskýlum fyrir karlmenn**
- **Samræma þjónustu milli neyðarskýla**
- **Meta nýtingu húsnæðis neyðarskýla og kanna hvort nýta megi neyðarskýlin á annan hátt til að fjölga húsnæðiseiningum innan málaflokks HMFÞ**
- **Leggja fram tillögu að rekstrarfyrirkomulagi (m.t.t mönnunar starfsmanna og stjórnunar)**
- **Kostnaðargreina tillögur hópsins**

Greina núverandi stöðu og nýtingu neyðarskýla fyrir karlmenn


Yfirferð og samantekt á fyrirliggjandi gögnum



Nýting neyðarskýla

Fjöldi og afdrif milli ára

Fjöldi gesta



- Fækkunin milli ára mest fyrsta ársfjórðung
- Afdrif einstaklinga milli ára könnuð
  - 97 einstaklingar frá 2025 sem nýttu ekki skýlin árið 2026
    - 37 af þeim komnir með húsnæði
    - 14 óheimilt að nýta neyðarþjónustu (ákvörðun annarra sveitarfélaga)
    - 19 óvitað
    - 27 í afplánun, ekki metnir í markhóp, afplánun, meðferð eða fallnir frá

Meta þörf á tveimur neyðarskýlum fyrir karlmenn

Yfirferð og samantekt á fyrirliggjandi gögnum



Tvö neyðarskýli

Mat og greining starfshóps á núverandi fyrirkomulagi


Styrkleikar

- Spennulækkandi fyrirkomulag
- Sjaldnar þarf að vísa fólki frá neyðarþjónustu
- Betur í stakk búin að taka á móti óvæntri aukningu

Veikleikar

- Hætta á ósamræmdum vinnubrögðum milli neyðarskýla
- Fjármagn nýtt í neyðarþjónustu í stað húsnæðisþjónustu

Samræma þjónustu milli neyðarskýla



Samræmingar þjónustu

Núverandi aðgerðir og tillögur að aðgerðum til að auka samræmingu


Núverandi aðgerðir

- Daglegt samráð með notendamál
- Markhópagreining sameiginleg
- Húsreglur neyðarskýla samræmdar
- Öryggisverklag samræmt
- Handbók starfsstöðvar samræmt
- Sameiginlegir starfsmannafundir (annan hvern mánuð)
- Samstarf teymisstjóra
- Samráð um undanþágupláss á Vogi

Tillögur að aðgerðum

- Einn forstöðumaður og þrír teymisstjórar (Í stað tveggja forstöðumanna og tveggja teymisstjóra)
    - Teymisstjórar og forstöðumenn vinna að málefnum beggja skýla í sameiningu

Meta nýtingu húsnæðis neyðarskýla og kanna hvort nýta megi neyðarskýlin á annan hátt til að fjölga húsnæðiseiningum innan málaflokks HMFÞ



Mat á nýtingu húsnæðis

Niðurstaða starfshóps eftir vettvangsheimsókn og núverandi stöðu í neyðarskýlum

Mat á núverandi stöðu

- Ótímabært að taka ákvörðun út frá stuttu tímabili þar sem gestum hefur fækkað
  - Gestum fjölgað á milli mánaða frá fyrsta ársfjórðungi
- Tækifæri á Lindargötu til breytinga á húsnæði en þarfnast endurskipulagningar og breytingar á húsnæði með tilheyrandi kostnaði
  - Þyrfti að minnka eldhús og koma fyrir herbergjum
  - Lögun útveggja óheppileg fyrir herbergi (bogalaga)
  - Ein inn- og útgönguleið í húsið
- **Ekki búið að fjármagna tímabundið húsnæði fyrir karlmenn**

Tillögur að rekstrarfyrirkomulagi

Kostnaðarmat og kostir



tillögur

Rekstrarkostnaður neyðarskýla 2025

	F3255 Grandagarður		
	Raun	ESK áætlun	Hlutfall
Tekjur*	- 68.778	- 21.626	318%
Laun*	176.628	172.100	103%
Rekstur*	41.247	45.061	92%
Niðurstaða án tekna*	217.875	217.161	**100%**
Niðurstaða með tekjum*	149.097	195.535	**76%**

F3250 Lindargata		
Raun	ESK áætlun	Hlutfall
- 57.041	- 43.431	131%
218.008	190.528	114%
60.148	60.065	100%
278.156	250.593	**111%**
221.115	207.162	**107%**

* tölur í milljónum

Launakostnaður á stg er mjög sambærilegur

Tillögur að rekstrarfyrirkomulagi

- Einn forstöðumaður í neyðarskýlum
  - Samræmdara verklag og betri yfirsýn - möguleiki á samnýtingu starfsfólks
- Þrír teymisstjórar
  - Vinna sameiginlega að málum allra gesta í neyðarskýlum. Eykur einstaklingsmiðaða þjónustu og hraðar ferlum áfram innan kerfa.
- Óbreytt stöðugildi starfsmanna í málaflokki HMFÞ
  - Tveir starfsmenn á hverri vakt á sitthvorum staðnum


Heildarmat

1. Samnýting húsnæðis á Lindargötu (neyðarskýli og tímabundin búseta)
2. Rekstur neyðarskýla fyrir karlmenn

Samnýting húsnæðis

Starfshópur setur fram eftirfarandi afstöðu til samnýtingar á húsnæði á Lindargötu:

- *Ekki tímabært að fara í samnýtingu húsnæðis fyrir neyðarskýli og tímabundinnar búsetu.*
  - *Fækkunin hefur ekki haldist alla mánuði ársins.*
- *Kostnaður við breytingar á húsnæði ófy*
  - *Þörf á miklum úrbótum á húsnæði til að koma búsetu inn á 3. hæð*



Valkostir

Flækjustig / Ávinningur

Valkostur	Flækjustig	Ávinningur	Rökstuðningur
1. Óbreytt fyrirkomulag	LÍTIÐ	LÍTILL	Óbreytt fyrirkomulag styður ekki við þróun uppbyggingar varðandi húsnæðisáætlun. Tryggir samt sem áður framboð neyðarplássa.
2. Samnýting húsnæði	HÁTT	MIÐLUNGS	Eykur húsnæðisframboð fyrir notendur en þarfnast mikilla framkvæmda innanhúss. Viðkvæm staða ef að fjölgun verður í neyðarskýlum aftur út frá fækkun plássa.

Rekstur neyðarskýla

Starfshópur setur fram eftirfarandi afstöðu til rekstrar á neyðarskýli fyrir karlmenn:


Hægt er að stuðla að aukinni samþættingu og eflingu einstaklingsmiðaðrar þjónustu, skjótari viðbrögðum og aukinni eftirfylgd með eftirfarandi hætti:

- *Einn forstöðumaður yfir báðum neyðarskýlum*
- *Fjölga teymisstjórum um eitt stöðugildi*
- *Stöðugildi starfsmanna haldast óbreytt*

Samanburður

- **Núverandi staða**
  - Mönnun:
    - 2 forstöðumenn
    - 2 teymisstjórar
    - Tvímönnun starfsmanna á opnunartíma
  - Kostnaðaráætlun neyðarskýla (m.v.2027):
    - 440 m.kr

- **Breytingatillaga**
  - Mönnun
    - 1 forstöðumaður
    - 3 teymisstjórar
    - Tvímönnun starfsmanna á opnunartíma
  - Kostnaðaráætlun neyðarskýla (m.v. 2027)
    - 444,8 m.kr



Valkostir

Ágóðagreining

Valkostur	Ágóði f. notendur	Ágóði f. samþættingu	Rökstuðningur
1. Óbreytt fyrirkomulag	Lítill	Lítill	Höfum náð því sem hægt er að ná varðandi hámarksgetu þjónustu með breytingu á ferlum og aukinni samþættingu.
2. Einn forstöðumaður og þrír teymisstjórar	Meðal	Meðal	Aukin yfirsýn yfir rekstrartengd málefni og mannauðsmál. Með fleiri teymisstjórum gefst meira svigrúm til að vinna að einstaklingsmálum

Niðurstöður

Tillaga spretthóp og næstu skref

Heildarniðurstaða spretthóps

Farið var ítarlega yfir öll gögn er snúa að samnýtingu húsnæðis og reksturs neyðarskýla með það að markmiði að samþætta þjónustu betur. Farið hefur verið yfir alla verkefnaliði starfshópsins en helstu niðurstöður eru eftirfarandi:

1. Starfshópur metur að ekki sé tímabært að samnýta Lindargötu með tímabundinni búsetu en vert er að fylgjast náið með þróun gestafjölda út árið 2026 til að taka lokaafstöðu. Starfshópur telur að þörf sé á að finna nýtt húsnæði fyrir tímabundið húsnæði fyrir karla til að fylgja eftir húsnæðisuppbyggingaráætlun í málaflokki HMFÞ.
2. Starfshópur leggur til að breyta stjórnendafyrirkomulagi neyðarskýla fyrir karla til að mæta betur kröfum kröfulýsingar. Við nánari rýningu á starfslýsingu forstöðumanna og teymisstjóra var mat starfshóps að auka ætti stöðugildi teymisstjóra um eitt og fækka stöðugildi forstöðumanns um eitt. Í dag vinna neyðarskýlin mjög náið saman í stjórnendateymi en miðað við mönnun staðanna og rekstrarstærð gæti einn forstöðumaður sinnt báðum stöðum, að því gefnu að einum teymisstjóra yrði bætt við. Við þá breytingu gæti aukin áhersla verið lögð á skjót viðbrögð við einstaklingsmálum, betri einstaklingsmiðuð málavinnsla og betra eftirlit / eftirfylgd með verkferlum og áætlunum.